

Fundargerð framkvæmdastjórnar KGRP

Fimmtudaginn 10. ágúst var 2023 haldinn fundur í framkvæmdastjórn Kirkjugarða Reykjavíkurþrófasterða. Fundurinn hófst kl. 08:00 í Fossvogi. Mætt voru: Egill Heiðar Gíslason formaður, Kristján Guðmundsson varaformaður, Emilía G. Svavarssdóttir meðstjórnandi og Ingvar Stefánsson framkvæmdastjóri auk Bryndísar Möllu Elídóttur þrófasterða. Formaður setti fundinn og lagði fram dagskrá fundarins:

1. Fundargerð síðasta fundar
 2. Rekstur og lykilmælikvarðar
 3. Stefnumótun
 - a. Skipulag og starfsmannamál
 - b. Hagræðing
 - c. Næstu skref
 4. Líkhúsmál
 5. Önnur mál
-
1. Lögð var fram fundargerð síðasta fundar sem var samþykkt.
 2. Framkvæmdastjóri fór yfir lykilmælikvarða fyrir fyrstu 6 mánuði ársins 2022. Tap er af reglulegri starfsemi. Ljóst er að það þarf að bregðast við. Framkvæmdastjóri mun leggja fram tillögur um hagræðingu á næsta fundi. Beðið er eftir fundi við ráðherra og dómsmálaráðuneyti um nýjan þjónustusamning og stöðu líkhúsmála.
 3. Farið var yfir stefnumótun og starfsmannamál. Framkvæmdastjóri kynnti hugmynd að nýju skipulagi sem kynnt verður nánar á næsta fundi. Einnig voru starfsmannamál rædd. Nokkrar umræður voru á fundinum. Nánari útfærsla og tillögur verða kynntar á næsta fundi.
 4. Framkvæmdastjóri fór yfir líkhúsmál. Engar tekjur koma fyrir rekstur líkhúss og athafnarýma og eru miklar fjárfestingar framundan í líkhúsi au þess sem þörf er á viðhaldi í athafnarýmum. Framkvæmdastjóri kynnti hugmyndir til lausnar. Bréf var sent á ráðuneytið þar sem gerð er grein fyrir stöðunni og er von á fundi með ráðherra til að fara yfir málefnið. Ljóst er að KGRP getur ekki verið með rekstur sem engar tekjur eru af og það bitnar á kjarnastarfseminni sem er umhirða og jarðsetning.
 5. Önnur mál. Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir uppgærð ofnanna í bálstofunni sem gekk vel. Líklega verða ofnarnir afkastameiri um allt að 10% til 15% og bruninn verður hreinni.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl 9:30.

Egill Heiðar Gíslason
Framkvæmdastjóri
Guðmundur Kristján Guðmundsson
Gunnheiðar Gíslason